

8. bekkur íslenska kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Halldóra María Elíasdóttir

8

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Ýmis verkefni í eftirfarandi þáttum:

- Bókmenntir
- Ritun
- Málfræði
- Talað mál og framsögn
- Stafsetning

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Námsumhverfið Google Classroom, Skólavefurinn (nemendaáskrift), Gegnum holt og hæðir, Kveikjur, ýmsar smásögur, Málið í mark - fallorð, Málfinnur, Skrifinnur, Hugfinnur, lesskilningsverkefni, efni frá kennara o.fl.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir, einstaklings-, para- og hópavinna, heildstæð verkefni, tjáning, umræður, heimildarvinna, Google Classroom, Skólavefnum o.fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, sjálfsmat, jafningjamat, kannanir o.fl.

GF íslenska 8. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útlarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt

GF íslenska 8. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem sjónarhorni, boðskap.
- Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.

- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.

GF íslenska 8. bekkur - Ritun

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
- Beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsmáli við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

GF íslenska 8. bekkur - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsmálið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsmáli eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna.

